

Ríkissjóður og Þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi

samkomulag

um úrvinnslu og yfirfærslu á tilteknum eignum í samræmi við samkomulag frá árinu 2006 við Þjóðkirkjuna um prestsetur og afhendingu þeirra til kirkjunnar.

Formáli

Forsagan

Vísað er til samskipta ríkis og kirkju í tengslum við yfirfærslu á tilteknum spildum, lóðum og öðrum fasteignum í samræmi við samkomulag frá árinu 2006 við Þjóðkirkjuna um prestssetur og afhendingu þeirra til kirkjunnar. Fyrrgreint samkomulag frá 2006 gerir ráð fyrir því að ríkið afhendi kirkjunni tiltekna eignir til fullra yfirráða. Með afhendingu eignanna var stefnt að fullnaðaruppgjöri vegna allra prestssetra og prestssetursjarða.

Forsaga yfirfærslunnar má rekja til þess að árið 1982 skipaði þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd vegna þeirrar óvissu sem talin var ríkja um eignarhald á kirkjujörðum, svokallaða Kirkjueignanefnd. Hlutverk nefndarinnar var að kanna hverjar kirkjueignir væru og hefðu verið, gefa álit um réttarstöðu þeirra og gera grein fyrir hvernig ráðstöfun á þeim hefði verið háttáð. Kirkjueignanefnd gaf út ritið Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984, árið 1992, en ritið er yfirlit um jarðeignir kirkjunnar á Íslandi frá um 1590-1984.

Með lögum nr. 137/1993 um prestssetur færðist stjórnýsla prestssetra og tilsjón með þeim frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til þjóðkirkjunnar. Engin afstaða var þó tekin til eignarréttar yfir prestssetrum með lögnum.

Með samkomulagi ríkis og þjóðkirkju um prestssetursjarðir og prestsbústaði, dags. 20. október 2006, og afhendingu þeirra til þjóðkirkjunnar (hér eftir vísað til sem samkomulagið), sbr. einnig lög nr. 82/2007 um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997, var eignarréttur þjóðkirkjunnar á tilteknum prestssetrum staðfestur, og afhenti íslenska ríkið þjóðkirkjunni eignirnar í kjölfarið til fullra yfirráða ásamt þeim réttindum, skyldum og/eða kvöðum sem fylgdu. Samkomulagið byggir á fyrrgreindri álitsgerð kirkjueignanefndar.

Efnisatriði samkomulagsins frá 2006

Í I. kafla almennra athugasemda við frumvarp til laga nr. 82/2007 kemur sérstaklega fram að kirkjunni verði afhent til fullrar eignar og ráðstöfunar þau prestssetur og prestssetursbústaðir sem henni voru afhent til umsýslu með lögum um prestssetur frá 1993, ásamt þeim fasteignum sem kirkjan hefur keypt fyrir eigið fé frá þeim tíma. Í athugasemdum við frumvarpið um tilgang og aðdraganda þeirra eignatilfærslu sem boðuð var með frumvarpinu segir m.a. að íslenska ríkið hafi skuldbundið sig með samkomulagi við þjóðkirkjuna til að afhenda prestssetur til eignar. Þá er sérstaklega tekið fram að sjónarmið kirkjunnar hafi verið talsvert frábrugðin sjónarmiðum ríkisins og að kirkjan hafi í málflutningi sínum byggt á því að ósamið væri um ýmsar aðrar eignir og réttindi en færðust til prestssetrasjóðs með lögnum um prestssetur. Þar beri helst að nefna það sjónarmið að nýbýli, hjáleigur, útskipt landsvæði og tengd réttindi sem einhvern tímann hefðu tilheyrt prestssetrunum allt frá setningu laga nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, ættu einnig að teljast eign kirkjunnar. Sjónarmið ríkisins hafi verið að samið hafi verið um öll prestssetur og prestssetursjarðir en þau sem færðust yfir til prestssetrasjóðs með lögnum um prestssetur nr. 137/1997. Segir svo orðrétt í samkomulaginu „Samkomulagið sem hefur tekist á milli þessara aðila felur í sér endanlega lúkningu allra mála er snúa að prestssetrunum og tengdum réttindum milli ríkis og kirkju.“

Í 6. gr. samkomulagsins kemur fram að með samkomulaginu séu ekki afhentar aðrar eignir en þær sem þá þegar séu á forræði Prestssetrasjóðs. Hjáleigur prestssetursjarða, nýbýli, lóðir og jarðarhlutar sem skipt hafi verið út úr hinum afhentu jörðum gangi ekki til Þjóðkirkjunnar né andvirði fyrir sölu þeirra, nema þess sé sérstaklega getið í samkomulaginu, sbr. III. kafla þess. Í 2. mgr. kemur fram að önnur prestssetur, ásamt því

sem þeim fylgdi og aðrar eignir og skuldbindingar ríkisins vegna prestssetra, teljist með kirkjueignum, sem afhentar voru með kirkjujarðasamkomulaginu frá 10. janúar 1997. Í 2. mgr. 7. gr. samkomulagsins segir að séu á umræddum jörðum byggingar eða aðrar eignir sem ekki hafi verið í eigu eða umsjá Prestssetrasjóðs fyrir samkomulagið, s.s. skólabyggingar, íbúðarhús eða önnur mannvirki, skuli Þjóðkirkjan útmæla slíkum mannvirkjum hæfilega lóð og gera lóðarsamning við eiganda eða umsjónaraðila mannvirkisins. Þá er vísað til 9. gr. samkomulagsins en þar kemur fram að aðilum sé ljóst að í einhverjum tilvikum kunni að skorta eignarheimildir fyrir eignum þeim sem samkomulagið tekur til. Í 2. mgr. 9. gr. segir að lög um breytingar á lögum nr. 137/1993, um prestssetur, ásamt samkomulagi aðila frá 20. október 2006, teljist fullnægjandi eignarheimild til að unnt verði að skrá prestssetrin og fá þeim þinglýst sem eign Þjóðkirkjunnar. Í 3. mgr. 9. gr. kemur fram að rísi vafi hjá þinglýsingarstjóra um skráningu í eigna- og veðmálabækur, skuli dóms- og kirkjumálaráðuneytið útbúa sérstaka yfirlýsingu er skapi eignarheimild Þjóðkirkjunnar að tilteknu prestssetri. Í IV. kafla samkomulagsins segir að með undirritun þess lýsi samningsaðilar því yfir að sú eignaafhending árleg greiðsla sem eigi sér stað með samkomulaginu sé fullnaðaruppgjör milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar vegna allra prestssetra og hvorugur aðili eigi kröfur á hendur honum vegna þeirra.

Úrvinnsla og túlkun á ákvæðum samkomulagsins

Vegna nánari úrvinnslu á samkomulaginu frá 2006 hefur kirkjan útbúið lista eftir prófastsdæmum yfir lóðir úr prestsetursjörðum og aðrar eignir sem kirkjan telur að tilheyri jörðum og fasteignum í eigu kirkjumálasjóðs en sem skráðar eru á ríkissjóð. Nánar tiltekið er óskað eftir leiðréttingum á skráningu tilgreindra eigna í fasteignskrá sem skráðar eru á ríkissjóð. Að mati kirkjunnar ættu þessar eignir að vera skráðar í eigu kirkjumálasjóðs á grundvelli samkomulagsins frá 2006. Af þeim sökum er óskað eftir að ríkissjóður láti kirkjumálasjóði í té eignarheimildir fyrir þessum lóðum, spildum og öðrum réttindum.

Í 6. gr. samkomulagsins frá 2006 kemur fram að ekki séu afhentar aðrar eignir en þær sem nú eru á forræði kirkjunnar. Þá kemur einnig fram að ekki séu afhentar aðrar jarðir eða lóðir sem skipt hefur verið úr jörðunum nema þess sé sérstaklega getið í samkomulaginu, sbr. upptalningu í III. kafla. Sú upptalning sem er í samkomulaginu þar sem tiltekna jarðir og lóðir eru talda upp virðist að vissu leyti vera ónákvæm og ófullnægjandi. Í mörgum tilvikum er aðeins vísað til þess að tiltekin jörð verði eign Þjóðkirkjunnar án þess að fjallað sé sérstaklega um lóðir eða spildur sem stofnaðar hafa verið úr jörðinni. Staðan er þar af leiðandi sú að margar lóðir og landspildur eru enn skráðar á ríkissjóð þótt kirkjan komi í raun fram sem eigandi þessara lóða og spildna.

Við úrvinnslu samkomulagsins hefur verið unnið eftir þeirri meginreglu að hálfu ríkisins að ekki sé verið að afhenta aðrar eignir til kirkjunnar en þær sem við undirritun samningsins væru þá þegar á forræði hennar. Almennt hefur samt sem áður verið fallist á það gagnvart kirkjunni að einstaka lóðir innan marka jarðar sem færast yfir til kirkjunnar á grundvelli samkomulagsins fylgi jörðinni þó það komi ekki endilega skýrt fram í samkomulaginu sjálfu, enda sé fasteign sú sem á lóðinni stendur eða eftir atvikum lóðin sjálf, í slíkum notum eða að telja verði að sé órjúfanleg frá kirkjujörðinni sjálfri og þeim fasteignum sem þar standa.

Samkomulag

1. gr.

Með hliðsjón af framansögðu gera ríkissjóður og Þjóðkirkjan með sér eftirfarandi samkomulag um endanlega úrvinnslu og yfirfærslu á tilteknum lóðum, spildum og öðrum eignum í samræmi við samkomulag frá árinu 2006 við Þjóðkirkjuna um prestsetur og afhendingu þeirra til kirkjunnar.

2. gr.

Í samræmi við það sem kemur fram í samkomulaginu frá árinu 2006 eru aðilar sammála um að eftirfarandi lóðir, spildur og aðrar eignir eigi að færast yfir til kirkjunnar enda er sérstaklega vísað til þeirra í samkomulaginu með beinum eða óbeinum hætti:

Á Kjalarnesprófastdæmi:

- Dalsgarður lóð, landnr. 123627.

- Dalsgarður lóð, landnr. 123628.
- Mosfell 2, landnr. 123734.
- Kirkjumór lóð, landnr. 123735.
- Víðigerði lóð, landnr. 125133.

Á Suðurprófastsdæmi:

- Helmingur Efsta-Kots, landnr. 163769.
- Breiðabólstaður, landnr. 163996 nánar tiltekið hluta Aurasels.

Á Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

- Hvanneyrarbraut 41 bílgeymsla, fastanr. 231-7295.
- Hólar/biskupssetur lóð, landnr. 146442.

Á Vesturlandsprófastsdæmi:

- Brennubær lóð, landnr. 134449.
- Hlíð lóð, landnr. 134455.
- Lyngholt lóð, landnr. 134440.
- Reykholt lóðir, landnr. 134452, 191531, 134443, 134445.
- Smiðjuholt lóð, landnr. 134444.
- Varmaland, landnr. 134473.
- Vé lóð, landnr. 134450.
- Þórishús lóð, landnr. 134451.
- Þórshamar lóð, landnr. 134454.

3. gr.

Í ljósi tilgangs og orðalags samkomulagsins eru aðilar sammála um yfirfærslu á eftirfarandi lóðum og spildum til kirkjunnar enda talið að viðkomandi landeign sé órjúfanleg frá kirkjujörðinni sjálfri og þeim fasteignum sem þar standa:

Á Suðurprófastsdæmi:

- Hrunakirkja lóð, landnr. 166770.
- Mosfell spilda, landnr. 168268.
- Hjáleigan Voli, landnr. 166287.

Á Vestfjarðarprófastsdæmi:

- Friðarsetur lóð, landnr. 141008.
- Árnes 1, kirkjulóð 1, landnr. 179832.
- Árnes 1, kirkjulóð 2, landnr. 141664.

Á Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

- Melstaðarkirkja lóð, landnr. 144138.
- Melstaður lóð, landnr. 209666 (safnaðarheimili).
- Miklabæjarkirkja lóð, landnr. 146323.
- Glaumbæjarkirkja lóð, landnr. 146032.

Á Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

- Möðruvallarkirkja lóð, landnr. 152333.
- Hálskirkja lóð, landnr. 153245.
- Skútustaðarkirkja lóð, landnr. 153600.
- Grenjastaðarkirkja lóð, landnr. 153854.
- Háls viðskipta- og þjónustulóð landnr. 174589.
- Háls lóð eða annað land landnr. 174869.

Á Vesturlandsprófastsdæmi:

- Saurbæjarland Hlíðarb., landnr. 193009.
- Hlíðarbæjarland, landnr. 207655.
- Borgkirkja lóð, landnr. 135019.

- Stafholtkirkja lóð, landnr. 134931.
- Staðarstaður kirkjulóð, landnr. 136234.

Á Austurlandsprófastsdæmi:

- Skeggjastaðakirkja lóð, landnr. 156377.
- Kolfreyjustaðarkirkja lóð, landnr. 158505.
- Heydalakirkja lóð, landnr. 158961.
- Végarður lóð, landnr. 156976 (félagsheimili).
- Desjamýri eða Hoddmýmisholt landnr. 174057.
- Desjamýri Selshús landnr. 174109.
- Þorsteinsstaðir landnr. 208211.
- Þorsteinsstaðir lóð 1 landnr. 208212.

4. gr.

Þá eru aðilar sammála um að ekki verði gerður ágreiningur um að eftirfarandi lóðir, spildur og aðrar eignir séu og verði í eigu ríkissjóðs:

Á Suðurprófastsdæmi

- Lóðir við Skriðuvelli, Skerjavelli og Klausturveg á Kirkjubæjarklaustri, samtals 18 lóðir.

Á Vesturlandsprófastsdæmi:

- Jörðin Akur landnr. 134372. (þ.e. land sunnan Reykjadalárs)
- Melrakkaey, landnr. 136645.
- Helgafellseyja, landnr. 136936.
- Vaðstakkaey, landnr. 136987.
- Þormóðsey, landnr. 136988.

Á Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

- Syðra-Laugaland lóð landnr. 152792.
- Syðra-Laugaland íþróttahús landnr. 152793.
- Syðra-Laugaland sundlaug landnr. 152794.
- Syðra-Laugaland lóð landnr. 152795.
- Háls viðskipta- og þjónustulóð landnr. 153386.

Á Austurlandsprófastsdæmi

- Staðarborg landnr. 158962 (selt).
- Staðarborg félagsheimili landnr. 158963 (selt).
- Bláskógar einbýlishúsalóð landnr. 158964.
- Þvottáreyjar landnr. 159142.

5. gr.

Þrátt fyrir 4. gr. er samkomulag er um að kirkjan haldi eftir nýtingarrétti á hlunnindum á Melrakkaey, Helgafellseyju, Vaðstakkaey og Þormóðsey við Breiðafjörð að því marki sem það samrýmist þeim friðlýsingarskilmálum sem gilda um eyjarnar.

6. gr.

Með samkomulagi þessu hefur endanleg úrvinnsla nú farið fram á því samkomulagi sem gert var við kirkjuna vegna prestssetra og prestsseturjarða frá árinu 2006 ásamt fullnaðaruppgjöri er tengist eignarhaldi einstakra eigna. Ekki verða viðhafðar frekari kröfur milli aðila um yfirfærslu eigna á grundvelli samkomulagsins frá árinu 2006.

Í samræmi við það sem að ofan greinir verður Ríkiseignum falið í samstarfi við kirkjuna að ganga frá leiðréttingum vegna samþykktra yfirfærslna. Þá verður Ríkiseignum jafnframt falið að taka formlega við umsjón þeirra eigna sem tilheyra ríkissjóði. Hvor aðili um sig sér um frágang og skjalagerð á þeim eignum sem falla til hjá þeim samkvæmt samkomulagi þessu.

Samningurinn er rafrænt undirritaður. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Undirritunarsíða

F.h. fjármála- og efnahagsráðuneytis vegna ...¹⁾
Sigurður Helgi Helgason

F.h. Þjóðkirkjunnar vegna kirkjumálasjóðs
Oddur Einarsson

1) F.h. fjármála- og efnahagsráðuneytis vegna ríkissjóðs